

[Bréf Bjarna Högnasonar, Tjörnum við Eyjafjöll til Landsnefndarinnar fyrri 1770.
ÞÍ. Rentukammer 1928-11 D-D3 3-21. Stafsetning hefur verið færð til nútíðarhorfs].

Lit. T. N° 2

(Indkomet d. 12. Febr. 1771)

Veleðla, há- og velbornir, hávísir og háttagtaðir hr.hr.hr. Commissarii!

Eftir því ég hefi heyrt og séð kongl. Maj^{lsc} allra náðugast útgefna, og hér sem annar staðar í landið innkomna, forordningu um Commission á Íslandi, þá eftir forordningarinnar innihaldi gef ég mig soleiðis til kynna.

1^o Þyki mér nauðsynlegt að sauðféð sé niðurdrepið og afmáð í öllum þeim pörtum landsins sem fjárpestin hefur yfirgengið, og það með so strengilegri skikkun að þar standi ekki ein klauf eftir, so þeir partar landsins standi í eyði með sauðfé einn vetrartíma.

2^{do} Að hér séu til landsins innflutt reiners eður reinsdýr frá Norveg, því ég þenki þau kunni vel að uppfóstrast í þessu landi. En um elldsdýr¹ kann ég ekki víst að segja hvört þau mundi hér lifa, því hér vantar skóga eins og þar.

3^{io} Tóbakssala með sínu dýrleika hér við landið er mjög skaðvæn, og þyki mér nauðsynlegt að það yrði ódýr tíð á því, þar það er til nokkra hluta nytsamlegt. En gott væri ef það gæti hér vaxið.

4^{to} Brennivín er að sönnu ekki eins skaðvænt, því af því kaupir minna almúgafólk en embættismenn, og það er raunar ómissandi í þessu kalda, kvillasama landi. En enginn kann hér nú að búa til vín af krækiberjum, það kenndi einn maður úr Færeyjum Íslendingum í gamaldaga, og er nú undir lok liðið.

5^{to} Of mikill kvíldapungi í ýmsum stöðum á landinu þyki mér skaðlegur. Ef þau væru færri kynnu fleiri að vera sem ættu að gjalda kóngi skatt eftir lögunum, ef kóngurinn hefði þá annars meira af þeim þar fyrir.

6^{to} Brenniskóg þyki mér nauðsynlegt að gjöra tilraun hér að planta, ef að hér fyndist meðtækileg jörð fyrir hann, því þar sjást sumstaðar merki til að það hafi í gamaldaga gjört verið og hafi vaxið.

7^o Sjást merki til, að til forna hafi hér vaxið kornakrar og þyki mér líklegt að hér mundu enn vaxa, sérdeilis hampur og bókhveiti sunnan undir fjöllum og hæðum þar sólin kann helst til ná að verma jörðina.

8^o Járn og silfur sem hér kann að vera, þekki ég ekki vel til uppbyggingar landsins, hvar um margt mætti fleira tala. En ég læt so búið að sinni. Þetta í stuttu máli er mín einföld og fáfróðleg undirréttung, en ég fel so þetta, sem allt annað ráð og áform vors góða Guðs fyrirhyggju og forblíf.

Hh^f Commissariorum.

Þénustubúinn vin og þénari

Bjarni Högnason

Tjörnum við Eyjafjöll,
d. 3. Decembris A° 1770.

¹ Elgur, danska elsdyr.